

Vinna eftir kennslustund — Djúplestur :

Að lokinni kennslustund vinnur þú með námsefnið. Þú rifjar upp efni kennslustundar sem fyrst að henni lokinni og bætir inn í glósurnar þínar á meðan efnið er þér enn í fersku minni. Lestur námsefnis að lokinni kennslustund kallast djúplestur. Fyrir djúplestur er gott að hafa a.m.k. tvær klukkustundir til ráðstöfunar, því það tekur tíma að komast vel af stað og sökkva sér niður í námsefnið.

Nota má sérstakar aðferðir við djúplestur til þess að auka virkni og þar með skilning á efninu. Þú getur t.d. búið til spurningar úr efni kennslustundar (u.þ.b. 4 -10 spurningar) annað hvort skriflega eða í huganum og spurt sjálfa/n þig; „get ég svarað þessu“? Þetta gerir þú áður en djúplestur hefst þannig að þú lesir með ákveðinn tilgang í huga. Spurningar eru mjög öflug leið til að tileinka sér námsefni, þ.e. að spyrja spurninga áður en farið er í djúplestur. Einnig er gott að nota glærur og glósur sem vörður til að lesa út frá.

Í djúplestri er gott að glósa, strika undir orð eða setningar, bæta inn í glósur úr efni fyrirlestra eða skrifa út á spássíu.

Námshópar/leshópar, þar sem nokkrir nemendur vinna saman, eru einnig mjög öflug leið í námi. Í námshópi gefst þér tækifæri til að skiptast á skoðunum og ræða við aðra um námsefnið.



Vinna eftir kennslustund – Upprifjun:

Upprifjun er forsenda náms og í raun æfing fyrir próf. Henni má skipta í þrennt:

1. Daglega upprifjun í u.þ.b. 10 mínútur á hverja námsgrein, þar sem þú rifjar upp glósur að loknum fyrirlestri og/eða rifjar upp eftir djúplestur, þ.e. eftir nokkrar blaðsíður, kafla eða eftir ákveðið þema. Gott er að lesa yfir glósur sem fyrst eftir kennslustund og bæta inn í þær því sem ennþá er ferskt í minninu. Reyndu að finna lykilorð í efninu og átta þig á aðalatriðum. Þú getur líka búið til minnislista eða lagt hönd/blað yfir hægri dálk í glósum og rifjað upp út frá lykilorðum.
2. Vikulega upprifjun í u.þ.b. 1 klst. fyrir hverja námsgrein, þar sem þú t.d. rennir yfir glósur vikunnar og/eða rifjar upp vegna verkefnavinnu eða hlutaprófa.
3. Meiriháttar upprifjun fyrir próf, t.d. út frá spjöldum/kortum, hugkortum, lykilorðum í glósum, minnislistum o.s.frv.

Með því að vinna markvisst og stöðugt yfir allt misserið eykur þú til muna líkur á góðum árangri í námi. Mikilvægt er fyrir þig að líta í eigin barm, íhuga hvers konar námstækni og vinnuáferðum þú ert að beita og hvort þörf er á breytingum.

Náms- og starfsráðgjafar við Háskóla Íslands veita nemendum skólans ráðgjöf varðandi vinnubrögð í háskólanámi, bæði í einstaklingsviðtölum og á námskeiðum sem haldin eru í upphafi hvers misseris.



Hvernig get ég lært á árangursríkan hátt?



Skilvirk vinnubrögð í námi

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands
Háskólatorgi, 3. hæð
Sími: 525 4315
Netfang: radgjof@hi.is
Vefsíða: www.nshi.hi.is
Útgefið: 2008

Skilvirk vinnubrögð í námi

Ein óskilvirkasta aðferðin við lestur námsbóka er að lesa án þess að vinna neitt frekar með efnið. Náms- og starfsráðgjöf HÍ hefur þróað ákveðið vinnuferli sem hefur reynst nemendum vel. Það byggist upp á þremur þrepum:

1. **Vinnu fyrir kennslustund**
2. **Vinnu í kennslustund**
3. **Vinnu eftir kennslustund**

Vinna fyrir kennslustund - Skimun:

Skimun er undirbúningur fyrir kennslustund. Í skimun lest þú; fyrirsagnir, kaflaheiti, inngang, samantektir og reynir að átta þig á meginhugtökum. Einnig skoðar þú myndir, töflur og annað sem dregið er sérstaklega út úr texta. Skimun getur einnig falist í því að lesa yfir glærur frá kennara.

Tilgangur skimunar er að þú áttir þig á efninu sem farið verður í án þess að lesa það gaumgæfilega.

Skimun tekur u.þ.b. 10-30 mínútur fyrir hverja kennslustund. Markmið hennar er að auka skilning, fá yfirsýn yfir efnið og tengja nýtt efni við fyrri þekkingu.

Hafa verður þó í huga að sumar kennslustundir, t.d. umræðutímar þar sem krafist er virkni af hálfu nemenda, gera ráð fyrir ítarlegri undirbúningi heldur en skimun felur í sér.

Í raungreinatengdu námi getur skimun t.d. falist í lausn heimadæma eða annarra verkefna.

Vinna í kennslustund — Glósugerð og hlustun:

Það er mikilvægt að þú reynir að fá sem mest út úr kennslustundum. Það sem þar fer fram getur verið þér mikil stoð við frekari vinnu í náminu og auðveldað þér að vinna úr námsefni upp á eigin spýtur.

Í kennslustund er mikilvægt að þú fylgist vel með og reynir að taka niður góðar glósur. Gættu þess þó að skrifa ekki allt of mikið niður á kostnað hlustunar og skilnings.

Þú skrifar glósur m.a. til að fá viðmið sem nota má við lærdóminn, til að fá meginhugmyndir og útfærslu kennara á efninu og ekki síst vegna þess að glósur eru ómetanlegt hjálpartæki þegar kemur að próf- undirbúningi.

Nokkrar góðar ábendingar varðandi glósugerð:

Vertu með réttu tækin, s.s. góðan penna, glósubók/blöð og harðspjald eða fartölvu.

Dagsettu allar glósur, hafðu blaðsíðutöl og notaðu tákni sem eru merkingarbær fyrir þig, s.s. að undirstrika mikilvæg atriði eða lykilorð með rauðu.

Gefðu þér tíma til að skima a.m.k. yfir efnið fyrir kennslustund. Hafðu í huga að sumar kennslustundir þarfnast meiri undirbúnings heldur en skimun felur í sér.

Vertu virk/ur hvort sem er í kennslustund eða í djúplestri að kennslustund lokinni.

Í kennslustund getur verið gott að sitja framarlega fyrir miðju, þannig ertu nær kennara, áreiti eru færri, þú heyrir og sérð betur og auðveldara er að lesa á töflu eða glærur.

Glósugerð fer fram í kennslustund og einnig við djúplestur námsefnis að kennslustund lokinni.

Glósuaðferðir:

A) Svokölluð *Cornell-glósuaðferð* felst í því að þú skiptir blaðsíðunni niður eftir endilöngu í tvo dálka. Þú hefur hægri dálkinn mun breiðari en þann vinstri (sem þú hefur 6-8 cm. breiðan). Í hægri dálkinn skrifar þú nokkuð ítarlegar glósur í eigin orðum úr kennslustund, en í þann vinstri skrifar þú lykilorð og efnisspurningar við djúplestur og upprifjun. Lykilorð eru góð leið til að leggja áherslu á aðalatriði hvers kennslustundar og í djúplestri. Lykilorð eru einnig góð minnis- aðferð við prófundirbúning. Þá vaknar spurningin; „Hvað eru lykilorð“?

Lykilorð eða lykilstættir innihalda ákveðinn kjarna efnis, t.d. heiti á kenningu, nafn á frumkvöðli, mikilvægt ártal eða grundvallarjöfnu í útreikningi. Lykilorð vekja upp ímyndir og tengsl við önnur orð og hugmyndir.

Ef þú vinnur glósur inn á glærur frá kennurum má yfirstrika eða undirstrika lykilorð til að aðgreina þau í texta.

B) *Kortaaðferð* er önnur aðferð við glósugerð. Þá eru notuð kort/spjöld fyrir spurningar, hugtök, formúlur, dæmi eða lykilorð. Öðru megin skrifar þú spurningu, hugtak eða lykilorð, t.d. heiti kenningar. Hinum megin gerir þú grind að svari og gjarnan tilvísun í nánari útskýringar í kennslubók og/eða glósum.

